

Viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til Hágönguvirkjunar og Skrokkölduvirkjunar í 3. áfanga rammaáætlunar



Anna Dóra Sæþórsdóttir
Anna Mjöll Guðmundsdóttir
Þorkell Stefánsson

Apríl 2016

© Anna Dóra Sæpórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson.

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Forsíðumynd er af Hágöngum og Hágöngulóni: Ljósmyndari: David Ostman.

Prentun: Háskólaprent ehf.

ISBN: 978-9935-9316-5-8

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Gögn og aðferðir.....	2
	2.1 Spurningalistakönnun.....	2
	2.2 Viðtalskönnun	3
	2.3 Lýsing virkjana	6
3	Viðhorf ferðamanna	9
	3.1 Ferðamenn og einkenni þeirra	9
	3.2 Upplifun ferðamanna	11
	3.3 Viðhorfskvarðinn	12
	3.4 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðamanna.....	14
	3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna	15
	3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja	16
	3.7 Viðhorf til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja	17
	3.8 Viðhorf til Hágönguvirkjunar og Skrokkölduvirkjunar	18
4	Viðhorf ferðaþjónustunnar.....	20
	4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðaþjónustunnar	20
	4.2 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Sprengisandsvegar	22
	4.3 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Hágöngu- og Skrokkölduvirkjunar	24
	4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins	27
5	Niðurstöður.....	29
6	Heimildir.....	31
	Viðauki.....	32

Myndaskrá

1. mynd: Fyrirhuguð Hágönguvirkjun og Skrokkölduvirkjun.....	7
2. mynd. Störf ferðamanna (%).	10
3. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna í Nýjadal.	11
4. mynd. Ánægja með náttúruna og ferðina um svæðið.	11
5. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og flóttu frá daglegu amstri og áhyggjum.	11
6. mynd. Upplifun ferðamanna á svæðinu.	12
7. mynd. Skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).	13
8. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?	14
9. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu.	14
10. mynd. Aðdráttarafl ósnortinna víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.	15
11. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?	16
12. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.	17
13. Hversu æskilegt er að bæta vegi á þessum slóðum.	17
14. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.	18
15. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda vegna Hágönguvirkjunar og Skrokkölduvirkjunar á áhuga til ferðalaga um svæðin.	19
16. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjanahugmynda á áhuga þinn á að ferðast um svæðið (%).	19

Töfluskrá

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðapjónustuaðila.	4
2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma	9
3. tafla. Þjóðerni (%).	9
4. tafla. Ferðamáti (%).	9
5. tafla. Ferðafélagar (%).	9
6. tafla. Afþreying (%).	10

Formáli

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna í Nýjadal og viðtalskönnunar við ferðaþjónustuaðila vegna fyrirhugaðra virkjana á svæðinu. Um er að ræða annars vegar jarðvarmavirkjun á Hágöngusvæðinu og hins vegar vatnsaflsvirkjun við Skrokköldu sem eru til umfjöllunar, ásamt öðrum virkjunarhugmyndum, í 3. áfanga rammaáætlunar (vernd- og orkunýtingaráætlun).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru færðar þakkir fyrir fjárstuðninginn og starfsmönnum þess, þá sér í lagi Herdís Helgu Schopka sérfræðingi hjá ráðuneytinu fyrir aðstoðina. Formanni verkefnisstjórnar Stefáni Gíslasyni sem og Skúla Skúlasyni formanni faghóps 1 er þakkaður stuðningurinn og skilningurinn á mikilvægi þess að safna þessum gögnum. Meðlimum faghóps 2 þeim Önnu G. Sverrisdóttur, Áka Guðna Karlssyni, Einari Torfa Finnssyni, Guðna Guðbergssyni, Sigrúnu Valbergsdóttur, Sigbrúði Stellu Jóhannsdóttur, Sveini Runólfssyni og Sveini Sigurmundssyni er þökkun og góð ráð á öllum stigum verksins. Páli Jakobi Línal meðlimi í faghópi 3 er þakkað fyrir framlagið en hann bjó til tvær spurningar á spurningalistanum sem snúa að umhverfissálfræði.

Fjölmargir hafa starfað við verkefnið og kann ég þeim öllum þakka fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Anna Mjöll Guðmundsdóttir sá um innslátt á viðtölunum ásamt Birgittu Stefánsdóttur. Þorkell Stefánsson sá um tölfræðilega úrvinnslu og gerð mynda og taflna skýrslunnar og Ása Margrét Einarsdóttir gerði kortin. Guðmundur Björnsson tók viðtöl við ferðaþjónustuaðila og dreifði spurningalistum til ferðamanna. Anna Mjöll, Þorkell og verkefnisstjóri skrifuðu skýrsluna. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir las yfir handritið og veitti góð ráð varðandi málfar. Ferðamönnum sem svöruðu spurningalistunum er þakkað fyrir að fórna hluta af frítíma sínum í þágu vísindanna og ferðaþjónustuaðilum sem veittu viðtal er þakkað sömuleiðis.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður könnunar meðal ferðamanna og ferðaþjónustuaðila vegna áhrifa fyrirhugaðra tveggja virkjana við Sprengisandsleið, en það er jarðvarmavirkjun við Hágöngur og vatnsaflsvirkjun við Skrokköldu. Rannsóknin er unnin vegna verkefnis sem í daglegu tali kallast rammaáætlun sem leitast við að forgangsraða virkjunarmöguleikum landsins í orkunýtingar- eða verndarflokk. Fyrsti áfangi rammaáætlunar hófst árið 1999 og lauk árið 2003. Á árunum 2004–2010 var unnið að 2. áfanga hennar og er 3. áfangi unnin á árunum 2013–2017. Fjórir faghópar skipaðir sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum leggja mat á áhrif virkjananna og leggur einn þeirra, þ.e. faghópur 2 mat á áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist. Með hliðsjón af upplýsingum um þær virkjunarhugmyndir sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga rammaáætlunar voru rannsökuð áhrif þrettán virkjana á ferðamennsku og útivist þar með taldar fyrrnefndar vatnsaflsvirkjanir við Hrafnabjörg og Fljótshnjúk. Komin er út skýrsla sem greinir frá heildarniðurstöðum spurningakannana sem gerðar voru meðal ferðamanna á þessum stöðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2015). Í þessari skýrslu er greint sérstaklega frá niðurstöðum spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna við Nýjadal á Sprengisandi sumarið 2015 en auk þess er greint frá niðurstöðum viðtalskönnunar sem gerð var meðal ferðaþjónustuaðila sem fara með ferðamenn um Sprengisand veturinn 2016. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif tveggja virkjana þ.e. við Hágöngur og Skrokköldu við Sprengisandsleið á ferðamennsku. Leitast er við að varpa ljósi á:

1. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn, hvernig skynja þeir svæðið, hversu ánægðir þeir eru með heimsókn sína og hvaða afþreyingu stunda þeir.
2. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðaþjónustuaðila, hvernig nýta þeir svæðið núna og hvernig sjá þeir fyrir sér að nýta það til framtíðar.
3. Hvaða mannvirki eru æskileg á svæðinu að mati ferðamanna og ferðaþjónustuaðila.
4. Hvert er viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustunnar til hugmynda um jarðvarmavirkjun við Hágöngur og vatnsaflsvirkjun við Skrokköldu.
5. Hvaða áhrif kæmu virkjanirnar til með að hafa á starfsemi ferðaþjónustunnar á svæðinu.

2 Gögn og aðferðir

2.1 Spurningalistakönnun

Spurningalistinn samanstóð af 26 spurningum. Margar þeirra voru í nokkrum liðum (sjá viðauka). Flokka má efni spurninganna í eftirfarandi fimm flokka:

1. Almennar bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, búsetu og fleira.
2. Spurningar er varða dvöl á svæðinu, t.d. upplifun, aðdráttarafl og ánægju.
3. Spurningar sem raða ferðamönnum á svokallaðan viðhorfskvarða (*e. Purist scale*) og greina þá í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna (sjá nánar kafla 3.3).
4. Spurningar um viðhorf til innviða, bæði innviða sérstaklega ætlaða ferðamönnum sem og virkjana og mannvirkja þeim tengdum.
5. Spurningar sem varða viðhorf til virkjana almennt og til viðkomandi virkjunar.

Nokkrar spurningar voru opnar þar sem þátttakendur gátu svarað með sínum eigin orðum. Flestar spurningarnar voru hins vegar lokaðar fjölvalsspurningar þar sem notaður var svokallaður fimm stiga Likert-kvarði, t.d. 1 = mjög óánægð(ur), 2 = óánægð(ur), 3 = hlutlaus, 4 = ánægð(ur), 5 = mjög ánægð(ur). Úr þessu voru meðal annars reiknuð meðaltöl til að gera samanburð á milli hinna ýmsu þátta mögulegan.

Á spurningalistanum voru nokkrar spurningar sem innihéldu orðið svæði eins og t.d. hversu lengi dvelur þú á svæðinu og hvernig upplifir þú svæðið. Hugtakið *svæði* og sú misjafna merking sem ferðamenn leggja í það er vel þekkt vandamál í rannsóknum sem þessari (Hall og Page, 2014). Í þessari rannsókn á áhrifum jarðvarmavirkjunar við Hágöngur og vatnsaflsvirkjunar við Skrokköldu á ferðamennsku var ekki um að ræða lögformlega skilgreint svæði eins og t.d. friðlandsmörk eða mörk sveitarfélags. Einnig hafa mannvirki eins og vatnsaflsvirkjanir ekki bara áhrif á ferðamenn nákvæmlega á þeim punkti sem mannvirkin eru staðsett heldur teygja áhrifin sig víðar. Ferðamenn ferðast frá einum stað til annars og upplifa ferðalag sitt sem eina heild yfir misjafnlega stór svæði. Til að gera málið enn flóknara, þá getur upplifun ferðamanna á einum stað haft áhrif á upplifun þeirra af mun stærra svæði. Þá er þekking ferðamanna á umhverfinu mjög misjöfn sem hefur enn fremur áhrif á upplifun þeirra á náttúrunni (t.d. Castree, 2005; Demeritt, 2002). Gera má ráð fyrir því að ferðamenn sem eru í sinni fyrstu heimsókn á ákveðnu svæði viti minna um umhverfi þess svæðis, en þeir sem hafa komið þangað oft.

Með spurningalistunum fylgdi kort af viðkomandi rannsóknasvæði ásamt þeim mannvirkjum sem fylgja virkjanahugmyndunum tveimur sem til skoðunar eru auk lýsinga á þeim (sjá viðauka og kafla 2.3). Á kortinu var auk þess sýnd Sprengisandsleið, Kvíslavatn, Hágöngulón, skálinn í Nýjadal

auk hluti af friðlýsta svæði Þjorsárvera og Vatnajökulsþjóðgarðs. Kortið afmarkast í norðri og austri af Tungnafellsjökli, í vestri við Múlajökul og Arnarfell í Hofsjökli og í suðri suður fyrir Veiðivatnahraun. Þrátt fyrir þessa afmörkun á „svæðinu“ þá er staðreyndin sú að sumt fólk á erfitt með að lesa kort, þekkir ekki staðhætti eða skoðar kortið ekki vel. Því er mjög líklegt að þegar ferðamenn svara spurningum með tilvísun í „svæðið“, að þá séu þeir ekki að vísa til þess svæðis sem kortið nær yfir sem fylgdi rannsókninni heldur sé hver og einn með sitt hugarkort og svari út frá því.

Gagnasöfnunin stóð yfir 28. júlí – 2. ágúst 2015. Spyrrill var fyrstu tvo dagana staðsettur við gatnamót Sprengisandsvegar og vegarins inn að Hágöngulóni. Þar sem nánast engin umferð var inn að Hágöngulóni þessa daga, fyrir utan umferð verktaka sem unnu við boranir við Hágöngulón, var ákveðið að færa gagnasöfnunarstaðinn í Nýjadal síðustu fjóra dagana. Til þess að ná til sem flestra ferðamanna voru spurningalistarnir hafðir á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, frönsku, þýsku og ensku og voru allir sem náðist í beðnir um að svara spurningalistanum. Ferðamenn í skipulögðum hópferðum hafa oft knappan tíma til að svara vegna þess hve dvöl þeirra á staðnum er stutt. Til þess að fá viðhorf þeirra með í úrtakið voru leiðsögumenn beðnir um að taka með sér spurningalista í rútuna og hópferðamennirnir fengnir til að svara á leiðinni frá áfangastaðnum. Leiðsögumennirnir fengu frímerkt umslag hjá spyrlu og voru beðnir um að senda spurningalista til baka með pósti. Fáir neituðu að svara, en í heildina fengust 88 útfylltir spurningalistar. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst greint frá niðurstöðunum með lýsandi tölfræði og ekki víst að um tölfræðilegan marktækan mun sé að ræða þegar sagt er að eitthvað sé meira eða minna en annað.

2.2 Viðtalskönnun

Tekin voru 17 viðtöl við ferðaþjónustuaðila. Þeir voru valdir með markvissri úrtaksaðferð (e. purposive strategy sample) þar sem leitast var við að tala við þá sem hafa beinna hagsmuna að gæta á því svæði sem virkjanirnar gætu haft áhrif.

Siðferðislega réttlát vinnubrögð í rannsóknum eru mikilvæg. Í eigindlegum rannsóknum er lögð áhersla á að viðmælendur fái tækifæri á að tjá sig um viðkvæm málefni á óþvingaðan hátt. Samkvæmt Punch (2014) eiga öll samskipti rannsakenda og viðmælenda að miðast við að viðmælandi viti að viðkvæmar skoðanir, upplifanir og viðhorf hans séu bundin trúnaði. Trúnaðar er gætt af virðingu við viðmælenda og til að koma í veg fyrir að hann skaðist af því að segja skoðun sína óhindrað sem og til að forðast það að hann velji að dylja mikilvægar upplýsingar fyrir rannsóknina (Hammersley & Traianou, 2012: 121). Besta leiðin til að gæta trúnaðar er að viðmælendur njóti nafnleyndar (Punch, 2014).

Við undirbúning viðtalshlutans var því ákveðið að viðmælendur nyttu nafnleyndar en nafn fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar sem þeir starfa fyrir kemur fram. Gerð er grein fyrir starfsemi fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar almennt sem og í hvaða landshluta viðkomandi er staðsettur.

Af þeim viðmælendum sem rætt var við starfa tveir í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Annar þeirra selur skála- og tjaldgistingu í Nýjadal og hinn er starfsmaður Vatnajökulspjóðgarðs. Af hinum viðmælendum eru tólf á höfuðborgarsvæðinu, þrír á Norðurlandi og skipuleggja þeir ýmis konar ferðir um Sprengisand eða á fyrirhuguðum virkjanasvæðum. Sex þeirra eru með gönguferðir, fimm eru með bíla og eða jeppaferðir, tveir eru með hestaferðir og þrír eru með rútuferðir (1. tafla).

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðaþjónustuaðila.

Ferðafélag Íslands, skála-, tjaldsvæðisrekstur og gönguferðir, Nýjadalur	Hálendisferðir, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Vatnajökulspjóðgarður, þjóðgarðs- og landsvarsla	Iceland Pro Travel, hópferðir, höfuðborgarsvæðið
Útivist ferðafélag, göngu- og jeppaferðir, höfuðborgarsvæðið	Íshestar, hestaferðir, höfuðborgarsvæðið
Extreme Iceland, göngu- og jeppaferðir, höfuðborgarsvæðið	Fjallabak, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Saltvík, hestaferðir, Þingeyjarsýsla, Norðurland	Ultima Thule, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
IceAk, jeppaferðir, Akureyri, Norðurland	Terra Nova, hópferðir, höfuðborgarsvæðið
Ísafold, jeppaferðir, höfuðborgarsvæðið	Guðmundur Jónasson, hálendisrútu- og vélsleðaferðir, höfuðborgarsvæðið
Íslenskir fjallaleiðsögumenn, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið	Ferðafélag Akureyrar, gönguskíða- og gönguferðir, Akureyri, Norðurland
Trex, hálendisrútuferðir, höfuðborgarsvæðið	

Nánari lýsing á viðmælendum

- Ferðafélag Íslands rekur skála og tjaldsvæði í Nýjadal sem rúma um 120 manns í gistingu. Skipulagðar eru ferðir í skálana í Nýjadal allan ársins hring, bæði á jeppum og rútum og frá þeim eru skipulagðar jeppa- eða gönguferðir meðal annars á Tungnafellsjökul, inn í Nýjadal (Jökuldal) og í Vonarskarð. Einnig eru vetrarferðir á jeppum og gönguferðir á sumrin úr Jökulheimum í Veidivötn og yfir í Vonarskarð þar sem farið er yfir fyrirhuguð virkjanasvæði.

- Vatnajökulsþjóðgarður rekur Skaftárstofu, gestastofu og upplýsingamiðstöð, á Kirkjubæjarklaustri frá apríl og fram í október. Í Hólaskjóli, við Laka og í Hrauneyjum og Nýjadal starfa landverðir yfir sumartímann sem veita upplýsingar til gesta. Tveir heilsársstarfsmenn eru á Kirkjubæjarklaustri og sumarstarfsmenn eru 8-18 manns. Starfsstöðin í Hólaskjóli er með aðstöðu í húsnæði Veiðifélags Skaftártungumanna.
- Útivist er áhugamannafélag um útivist með höfuðstöðvar á Höfuðborgarsvæðinu. Félagið skipuleggur gönguferðir en einnig jeppa- og hjólaferðir og er með um sextíu til áttatíu fararstjóra. Jeppadeild félagsins skipuleggur ferðir á fyrirhuguð virkjanasvæði.
- Extreme Iceland er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu, með sjötíu og tvo starfsmenn, sem sérhæfir sig í jeppaferðum með einstaklinga og minni hópa. Boðið er upp á fjölda ferða yfir Sprengisand og fyrirhuguð virkjanasvæði.
- Saltvík er ferðaþjónustufyrirtæki í Þingeyjarsveit sem býður upp á hestaferðir. Hjá fyrirtækinu starfa 5-20 starfsmenn. Boðið er upp á hestaferðir yfir Sprengisand og í kringum Vatnajökul, meðal annars á fyrirhuguðum virkjanasvæðum.
- IceAk er ferðaskrifstofa á Akureyri með jeppaferðir yfir Sprengisand og á fyrirhuguðum virkjanasvæðum.
- Ísafold er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í göngu- og jeppaferðum á hálendinu. Farnar eru jeppaferðir að fyrirhuguðum virkjanasvæðinu á þeirra vegum.
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu með um sextíu starfsmenn sem sérhæfir sig í afþreyingaferðum fyrir minni hópa. Þeir fara oft með gönguhópa frá Nýjadal að Tungnafellsjökli og að Vonarskarði. Einnig eru þeir með gönguferð sem ber nafnið „Frá strönd til strandar“ þar sem gengið er frá Ásbyrgi, þvert yfir hálendið og endar ferðin í Vík í Mýrdal. Í þeirri ferð er gengið um fyrirhugað virkjunarsvæði Hágönguvirkjunar, nánar tiltekið austan við Hágöngulón og meðfram eða yfir Köldukvíslajökul.
- TREX er hópferðafyrirtæki með um sjötíu starfsmenn sem sérhæfir sig í útleigu á hópferðabifreiðum og skipulagningu ferða. Fyrirtækið býður upp á ferðir yfir Sprengisand þar sem ekin er Sprengisandsleið.
- Hálendisferðir er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í gönguferðum á hálendinu. Boðið er upp á gönguferðir með hópa út frá skálanum í Nýjadal.
- Iceland Protravel er ferðaskipuleggjandi á höfuðborgarsvæðinu, með tuttugu starfsmenn á Íslandi, sem skipuleggur pakkaferðir fyrir einstaklinga og hópa. Skipulagðar eru fjölmargar hringferðir þar sem farin er Sprengisandsleið og einnig um Kjöl. Áætlaður fjöldi í þessum ferðum er um 10.000 ferðamenn á ári og eru þeir flestir frá Þýskalandi.

- Íshestar er hestaleiga í Hafnarfirði. Þeir skipuleggja dagsferðir á höfuðborgarsvæðinu og tveggja til ellefu daga hálendisferðir meðal annars yfir Sprengisand.
- Fjallabak er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu með á bilinu þrjá til tuttugu starfsmenn og sérhæfir sig í ferðum með minni gönguhópa meðal annars í nágrenni fyrirhugaðra virkjanasvæða.
- Ultima Thule er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu með um fjörutíu starfsmenn. Þeir sérhæfa sig í náttúruferðamennsku, fyrirtækjaferðum, gönguferðum og hjólaferðum meðal annars á Sprengisandi.
- Terra Nova er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu með hópa- og einstaklingsferðir með tuttugu og níu starfsmenn. Skipulagðar eru jeppa- og gönguferðir sem fara yfir Sprengisand.
- Guðmundur Jónasson er ferðaskrifstofa og hóp bifreiðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Hópar á þeirra vegum fara Sprengisandsleið.
- Ferðafélag Akureyrar skipuleggur gönguferðir um Sprengisand.

Viðmælendur voru spurðir hvers konar starfsemi þeir stunda á Sprengisandi, sér í lagi á fyrirhuguðu virkjunarsvæði við Skrokköldu og Hágöngur, um aðdráttarafl svæðisins, viðhorf til uppbyggingar og breytinga á Sprengisandsleið auk viðhorfa til innviða almennt, viðhorf og áhrif virkjana við Skrokköldu og Hágöngur auk framtíðarmöguleika svæðisins fyrir ferðaþjónustuna.


2.3 Lýsing virkjana

Með spurningalistanum fylgdi kort af rannsóknasvæðinu ásamt lýsingu á þeim virkjunarhugmyndum sem til skoðunar eru (sjá kort á bls. 7 og í viðauka). Textinn lýsir virkjunarhugmyndunum og er að mestu leyti tekinn beint úr fylgigögnum spurningalistans. Rauðir bókstafir í textanum vísa til staðsetningar á kortinu og sýnir helstu virkjunarmannvirki sem fylgja framkvæmdunum.

Fyrirhuguð Hágönguvirkjun (R3291A) er jarðvarmavirkjun á háhitasvæði austan við Hágöngulón og er virkjunin 150MW. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði byggð upp í þremur 50 MW áföngum. Stöðvarhús er áætlað norðan Köldukvíslar (I). Gert er ráð fyrir að borteigar verði staðsettir austan Hágöngulóns, annars vegar á Sveðjuhrauni og hins vegar á bakka lónsins norðan Köldukvíslar. Raskað svæði innan framkvæmdasvæðis virkjunarinnar yrði um 0,3 km². Ekki liggur fyrir hvar rafstrengur frá virkjuninni myndi tengjast við megin flutningslínur raforku. Byggja þyrfti nýjan veg að virkjuninni norðan við Hágöngulón (Orkustofnun, 2015a).

Fyrirhuguð Skrokkölduvirkjun (R3126A) er 45MW vatnsaflsvirkjun þar sem gert er ráð fyrir að virkja vatnsfall milli Hágöngulóns (II) og Kvíslavatns (III). Stöðvarhús yrði staðsett við Skrokköldu (IV) og aðrennslisgöng væru neðanjarðar, að undanskyldum 1 km skurði vestan við núverandi Sprengisandsleið. Hágöngulón er núverandi lónsstæði. Gert er ráð fyrir að flutningur

raforku frá virkjuninni yrði um jarðstreng suður að Sigölduvirkjun. Væntanlega þyrfti að bæta þann hluta Sprengisandsleiðar sem ekki er uppbyggður (Orkustofnun, 2015b) (1. mynd).



1. mynd: Fyrirhuguð Hágönguvirkjun og Skrokkölduvirkjun.

3 Viðhorf ferðamanna

3.1 Ferðamenn og einkenni þeirra

Kynjaskipting svarenda er nokkuð jöfn, 49% konur og 51% karlar og meðalaldur er um 48 ár. Dvalarlengd þeirra sem sögðust gista á svæðinu er að meðaltali 2,7 nætur en dvalarlengd dagsgesta er að meðaltali 5,8 klukkustundir. Meðallengd gönguferða á svæðinu er 9,1 klukkustundir. Þessum tölum um dvalarlengd verður þó að taka með þeim fyrirvara sem nefndur er í kafla 2.1. Um 67% svarenda voru að koma á svæðið í fyrsta sinn, en 31% höfðu komið áður - að meðaltali 11 sinnum (2. tafla).

Tæpur fjórðungur svarenda í Nýjadal eru Frakkar. Svisslendingar og Austurríkismenn eru 23% og Íslendingar eru 22% svarenda. Þjóðverjar eru 20%, Norðurlandabúar 7%, Hollendingar og Belgar eru 3% en önnur þjóðerni er 1% (3. tafla).

Auk þjóðernis var spurt um ferðamáta, ferðafélaga og afþreyingu. Þessir liðir voru fjölvalsspurningar (hægt að merkja við fleiri en einn möguleika) og samanlagt hlutfall því yfir 100%. Þriðjungur ferðamanna eru á bílaleigubílum og 30% svarenda ferðast með hópferðabíl. Um 22% svarenda eru á eigin bílum og 18% eru gangandi. Um 4% eru á mótorhjólum eða fjórhjólum og 3% eru á reiðhjólum (3%) (4. tafla).

Algengast er að svarendur séu í skipulagðri hópferð, eða 34% svarenda, 33% eru á ferð með ættingjum eða vinum og 32% eru á ferð með fjölskyldum sínum. Um 5% svarenda eru einir á ferð í Nýjadal (5. tafla).

2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma

Fjöldi spurningalista (N)	88
Konur (%)	49,4
Karlar (%)	50,6
Meðalaldur (ár)	47,9
Dvalarlengd næturgesta (nætur)	2,7
Dvalarlengd dagsgesta (klst.)	5,8
Lengd gönguferða (klst.)	9,1
Ekki komið áður (%)	68,6
Komið áður (%)	31,4
Komið oft (meðaltal)	11,0

3. tafla. Þjóðerni (%).

Frakkland	24,7
Sviss/ Austurríki	23,4
Ísland	22,1
Þýskaland	19,5
Norðurlönd	6,5
Holland/ Belgía	2,6
Aðrir	1,3

4. tafla. Ferðamáti (%).

Bílaleigubíll	33,3
Hópferðabíll	29,5
Eigin bíll	21,8
Gangandi	17,9
Mótorhjól/ fjórhjól	3,8
Hjólandi	2,6

5. tafla. Ferðafélagar (%).


Skipulögð hópferð	34,2
Ættingjar/ vinir	32,9
Fjölskyldan	31,6
Einn á ferð	5,1

Flestir, eða 58% svarenda, koma á svæðið til að stunda gönguferðir og jafn margir stunda ökuferðir á svæðinu. Algenzt er að svarendur skoði jarðfræðifyrirkæri, eða 48% svarenda og 42% eru þar til að baða sig í heitri laug. Um þriðjungur segist ætla að skoða plöntur og 20% svarenda stunda fuglaskoðun á svæðinu (6. tafla).

6. tafla. Afþreying (%).

Gönguferð	57,8
Ökuferð	57,8
Skoða jarðfræðifyrirkæri	48,2
Bað í heitri laug	42,2
Plöntuskoðun	33,7
Fuglaskoðun	20,5


Flestir þeirra sem heimsóttu svæðið, eða 32%, starfa sem sérfræðingar (læknar, lögfræðingar, kennarar, o.s.frv.). Um 20% eru eftirlaunaþegar, 11% eru í sérhæfðum tækni- og iðnaðarstörfum, 9% eru í stjórnunarstörfum, 6% eru í skrifstofu- og þjónustustörfum og 6% eru nemendur. Um 1% er heimavinnandi og 14% eru í öðrum störfum en tilgreind voru á spurningalistanum (2. mynd).



2. mynd. Störf ferðamanna (%).

Mjög margir, eða 18% svarenda, gistu á svæðinu sjálfu nóttina áður en þeir svöruðu spurningalistanum en flestir, eða 22%, gistu á Suðurlandi nóttina áður en þeir komu í Nýjadal. Um 16% svarenda gisti í Landmannalaugum, 12% í Hrauneyjum, 12% á öðrum stöðum á Hálendinu og 8% á Akureyri. Um 6% gistu á Höfuðborgarsvæðinu, 5% í Mývatnssveit og 2% annarsstaðar á Norðurlandi.


Margir, eða 20%, áætluðu að gista nóttina eftir í Nýjadal en flestir, eða 22%, áætluðu að gista á Norðurlandi. Um 17% áætluðu að gista á Akureyri, 16% í Mývatnssveit, 12% á Höfuðborgarsvæðinu, 9% annarsstaðar á Hálendinu og 3% á Suðurlandi. Enginn áætlaði að gista í Landmannalaugum eða Hrauneyjum nóttina eftir dvölinu í Nýjadal (3. mynd).



3. mynd. Gistisvæði ferðamanna nóttina fyrir og eftir komuna í Nýjadal.


3.2 Upplifun ferðamanna

Mikill meirihluti, eða 86% svarenda við Nýjadal, eru ánægð með náttúru svæðisins, 2% eru hlutlaus og 12% segjast óánægð. Einnig er meirihluti, eða 88% svarenda, ánægð með ferð sína um svæðið en 12% eru óánægð með ferðir sínar (4. mynd).



4. mynd. Ánægja með náttúruna og ferðina um svæðið.

Ferðamenn voru spurðir hversu sammála/ósammála þeir væru fullyrðingunum „Ég kem á stað eins og þennan til þess að geta hvílt mig og endurnært“ og „ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjurnar til hliðar“. Alls eru 81% sammála fyrri fullyrðingunni, 13% hlutlaus og 6% ósammála. Seinni fullyrðingunni eru 68% sammála, 23% hlutlaus og 9% eru ósammála henni (5. mynd).




5. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og flótta frá daglegu amstri og áhyggjum.

Viðmælendur voru einnig beðnir um að lýsa upplifun sinni á eiginleikum svæðisins með því að meta eftirfarandi þætti á 5 stiga kvarða:

- Manngert ↔ náttúrulegt þar sem 1 = mjög manngert og 5 = mjög náttúrulegt,
- Ljótt ↔ fallett þar sem 1 = mjög ljótt og 5 = mjög fallett,
- Áhrifalítið ↔ áhrifamikið þar sem 1 = mjög áhrifalítið og 5 = mjög áhrifamikið,
- Hávært ↔ kyrrt þar sem 1 = mjög hávært og 5 = mjög kyrrt,
- Afskekkt ↔ aðgengilegt þar sem 1 = mjög afskekkt og 5 = mjög aðgengilegt.

Mikill meirihluti, eða 97% svarenda, upplifa svæðið sem náttúrulegt. Á bilinu 92-94% upplifa það sem kyrrt, áhrifamikið og fallett. Um 49% svarenda upplifa svæðið sem aðgengilegt, 28% upplifa það hvorki aðgengilegt né afskekkt og 23% finnst það afskekkt (6. mynd).




6. mynd. Upplifun ferðamanna á svæðinu.

3.3 Viðhorfskvarðinn

Viðhorfskvarðinn (*e. purist scale*) er mælitæki sem hefur verið þróað til að greina ferðamenn í hópa út frá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Þar eru ferðamenn greindir í eindregna náttúrusinna (*e. strong purists*), náttúrusinna (*e. purist*), almenna ferðamenn (*e. neutralists*) og þjónustusinna (*e. urbanists*) (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2007 og Stankey, 1973). Ein spurning spurningalistans var sérstaklega ætluð til að greina svarendur í fjórhópa. Spurt var „Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði á ferðalagi þínu um svæðið?“ og voru talin upp fimmtán atriði er varða náttúruupplifun, mannleg ummerki, mannvirki og mannfjöldi.


Um 53% svarenda reyndust vera almennir ferðamenn og 11% eru þjónustusinnar. Náttúrusinnar eru næst stærsti hópurinn en 35% tilheyra honum og eindregnir náttúrusinnar eru 2% (7. mynd).



7. mynd. Skipting ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).

Þegar allir 15 liðir viðhorfskvarðasurningarinnar eru bornir saman, kemur í ljós að það sem svarendum finnst mikilvægast á ferð sinni um svæðið er að náttúran sé óröskuð og að þeir upplifi þar kyrrð og ró. Af þeim atriðum sem nefnd voru telja þeir síst mikilvægt að hafa áningastaði (þ.e.a.s. bekkir og borð) þegar þeir ferðast um svæðið.


Flestir, eða 95% svarenda, telja mikilvægt að upplifa óraskaða náttúru, kyrrð og ró á ferð sinni um svæðið. Að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur er mikilvægt fyrir 81% svarenda og að geta gengið án þess að sjá mannvirki er mikilvægt fyrir 87% svarenda. Á bilinu 70-73% finnst mikilvægt að skoðunarverðir staðir séu merktir, að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð og að hafa merktar gönguleiðir. Um 65% finnst mikilvægt að hafa fáa aðra ferðamenn, 60% finnst mikilvægt að sjá ekki ummerki eftir aðra og 63% finnst skipulögð tjaldsvæði mikilvæg. Um 43% finnst göngubrýr mikilvægar en 29% finnst það ekki. Um 39% finnst lagðir göngustígar mikilvægir en 33% finnst þeir ekki mikilvægir. Um 29% finnst mikilvægt að mega tjalda hvar sem er en 45% finnst það ekki mikilvægt. Um 26% finnst mikilvægt að getað tjaldað án þess að vera við aðra en 38% finnst það ekki mikilvægt. Áningastaðir eru það sem síst þótti mikilvægt. Um 27% finnst þeir mikilvægir en 47% finnst þeir ekki mikilvægir (8. mynd).



8. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?

3.4 Aðdráttarafi svæðisins að mati ferðamanna


Viðmælendur voru spurðir opinnar spurningar um hvað heillar þá við svæðið. Svör við þessari spurningu voru margvísleg, en eftir kóðun komu fram sex flokkar sem endurspeglar algengustu svörin. Svör margra gesta féllu undir fleiri en einn flokk og er því samanlagt hlutfall herra en 100%. Það sem heillar flesta, eða 45% aðspurðra, er ósnortin náttúra. Kyrrð heillar 36%, náttúra, landslag og umhverfi svæðisins heillar 35%, útsýni og víðsýni heillar 30% svarenda. Einstök náttúrufyrirbrigði (þ.e.a.s. sandar, jöklar, fjöll og ár) heilla 19% svarenda og fegurð svæðisins heillar 10% svarenda (9. mynd).



9. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu.


3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna

Allir aðspurðir telja að víðerni/ósnortin náttúra séu hluti af aðdráttarafli svæðisins og 96% segjast koma þangað til að upplifa slík svæði. Viðmælendur voru jafnframt spurðir hvort þeir teldu nálæg mannvirki, sem þeir vita af en sjá ekki, hafa áhrif á upplifun þeirra á víðernum/ósnortinni náttúru. Um 24% telja að mannvirki sem þeir ekki sjá myndu hafa mikil áhrif á upplifun sína, 25% að þau hefðu einhver áhrif, 29% segja að þau hefðu lítil áhrif og 23% svarenda segja að þau myndu ekki hafa nein áhrif á upplifun sína (10. mynd).



10. mynd. Aðdráttarafl ósnortinna víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.

Jafnframt var spurt hvað mætti vera til staðar af mannlegum ummerkjum án þess að hugtakið víðerni og/eða ósnortin náttúra glataði merkingu sinni. Hægt var að merkja við fleira en eitt atriði. Um 28% eru þeirrar skoðunar að engin mannleg ummerki megi vera til staðar. Fjallaskálar, stígar eftir göngumenn eða sauðfé, vegslóðar og lagðir göngustígar eru síst taldir vera þess valdandi að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni. Hlutfall þeirra sem telja fjallaskála mega vera til staðar er 66%, um 60% segja stíga eftir göngumenn og sauðfé vera í lagi og 53% segja vegslóða mega vera til staðar og lagðir göngustígar mega vera til staðar að mati 43% svarenda. Um 24% segja vegi geta verið á svæðinu án þess að spilla víðernishugtakinu, en öllu færri, eða 18%, segja girðingar mega vera til staðar. Um 15% segja miðlunarlón mega vera til staðar og 14% telja gestastofur mega vera til staðar. Um 7% telja virkjanir, fjarskiptamöstur og vindmyllur geta verið til staðar, en hótél og rafmagnslínur (5%) eru þau ummerki sem að mati svarenda síst geta verið til staðar án þess að spilla víðernum/ósnortinni náttúru (11. mynd).




11. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið viðrni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?

3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja

Viðhorf til hvers kyns mannvirkja var á heildina litið frekar neikvætt. Flest þau mannvirki sem voru nefnd þykja frekar óæskileg (meðaltöl á bilinu 1,6 – 2,9) en nokkrar gerðir mannvirkja þóttu æskileg (meðaltöl á bilinu 3,5-4,1) á svæðinu.


Fjallaskálar eru þau mannvirki sem þykja æskilegust á svæðinu, en 75% svarenda, finnst þeir æskilegir, 20% finnst þeir ásættanlegir og 5% finnst þeir óæskilegir. Um 63% finnst tjaldstæði æskileg, 29% ásættanleg og 8% óæskileg. Um 61% finnst salerni æskileg, 28% finnst þau ásættanleg og 11% finnst þau óæskileg. Óuppbyggðir malarvegir eru æskilegir að mati 53%, 30% finnst þeir ásættanlegir og 17% óæskileg. Uppbyggðir malarvegir þykja æskilegir að mati 36% svarenda, 25% finnst þeir ásættanlegir en 39% finnst þeir óæskilegir.

Önnur mannvirki hafa meðaltal undir 2,5 sem þýðir að heilt yfir litið þykja þau frekar óæskileg. Akbrýr yfir vatnsföll, gestastofa og matsala þykja óæskileg að mati 49-55% svarenda. Bensínstöðvar, jarðvarmavirkjanir, heilsársvegur og uppistöðulón þykja óæskileg að mati 61-65% svarenda. Slitlagðir vegir, vatnsaflsvirkjanir, fjarskiptamöstur og verslanir/veitingastaðir þykja óæskileg að mati 68-71% svarenda. Vindmyllur þykja óæskilegar að mati 73%, hótél þykja óæskileg að mati 80% og þau mannvirki sem síst þykja æskileg á svæðinu eru raflínur (88%) (12. mynd).



12. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.

Viðmælendur voru spurðir sérstaklega hvort þeim fyndist æskilegt að bæta vegi á svæðinu. Í ljós kom að slíkt þykir óæskilegt. Um 25% þykir æskilegt eða mjög æskilegt að bæta vegi og 26% eru hlutlaus. Um 28% telja það þó óæskilegt að bæta vegi á svæðinu og 21% segja það mjög óæskilegt (13. mynd).



13. Hversu æskilegt er að bæta vegi á þessum slóðum.


3.7 Viðhorf til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja

Spurt var um almennt viðhorf til frekari uppbyggingar mismunandi tegunda orkuframleiðslu þ.e. vatnsaflsvirkjana, jarðvarmavirkjana og vindorku auk uppistöðulóna og raflína. Jafnframt var athugað hvort gerður væri greinarmunur á því hvort þessi mannvirki væru á hálendinu eða á láglendi.

Viðmælendur eru að jafnaði frekar neikvæðir gagnvart flestum tegundum orkuframleiðslu og mannvirkja sem spurt var um. Helst hafa aðspurðir neikvæð viðhorf til frekari uppbyggingu raflína

á hálendinu, en 81% svarenda eru neikvæð og 1% jákvætt. Þá eru 69% neikvæð gagnvart vindmyllum á hálendinu en 12% jákvæð. Um 59% eru neikvæð gagnvart frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana á hálendinu en 16% jákvæð. Á bilinu 52–53% eru neikvæð gagnvart jarðvarmavirkjunum og uppistöðulónum á hálendinu.


Um 55% eru neikvæð gagnvart frekari uppbyggingu raflína á láglendi, 35% eru hlutlaus og 11% eru jákvæð. Um 52% eru neikvæð gagnvart vindmyllum á láglendi, 23% eru hlutlaus og 25% eru jákvæð. Á bilinu 35-39% eru neikvæð gagnvart frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana á láglendi og uppistöðulón á láglendi, 42% eru hlutlaus og 19-23% eru jákvæð. Um 29% eru jákvæð gagnvart frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglendi, 43% eru hlutlaus og 28% eru neikvæð (14. mynd).



14. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.


3.8 Viðhorf til Hágönguvirkjunar og Skrokkölduvirkjunar

Ferðamenn voru beðnir um að lýsa viðhorfum sínum á virkjunarhugmyndum við Hágöngur og Skrokköldu og áhuga þeirra á að ferðast um svæðið. Meirihluti viðmælenda, eða 84%, telja að raflínur myndu hafa neikvæð áhrif á áhuga sinn á að ferðast um svæðið 13% telja þær ekki hafa áhrif og 3% telja að þær hafa jákvæð áhrif á sig. Skrokkölduvirkjun hefði neikvæð áhrif á 57% ferðamanna, 35% telja hana ekki hafa áhrif og 8% telja hana hafa jákvæð áhrif. Hágönguvirkjun hefði neikvæð áhrif á 56%, 37% telja hana ekki hafa áhrif og 7% jákvæð áhrif. Borholur vegna Hágönguvirkjunar hefðu neikvæð áhrif á 52%, 43% telja þær ekki hafa áhrif og 5% jákvæð áhrif. Miðlunarlón vegna Skrokkölduvirkjunar hefði neikvæð áhrif á 51% ferðamanna, 41% telur það ekki hafa áhrif og 8% telja það hafa jákvæð áhrif (15. mynd).



15. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda vegna Hágönguvirkjunar og Skrokkölduvirkjunar á áhuga til ferðalaga um svæðin.

Viðmælendur voru spurðir opinnar spurningar þar sem þeir voru beðnir um að lýsa nánar áhrifum virkjananna og tengdra mannvirkja á áhuga þeirra um að ferðast um svæðið. Svörin voru margvísleg en voru flokkuð í neðangreinda átta flokka. Þeir sem telja að fyrirhugaðar virkjanahugmyndir myndu skemma eða spilla svæðinu eru 43% aðspurðra, 10% telja að fyrirhugaðar virkjanahugmyndir hefðu neikvæð eða slæm áhrif, 7% telja raflínur vera sjónmengun og 7% myndu ekki koma á svæðið. Um 21% telja að virkjanirnar myndu ekki hafa áhrif á sig og 7% telja virkjanirnar í lagi ef þær falli vel að landslagi. Um 2% telja áhugavert að skoða virkjanirnar og 2% höfðu ekki skoðun á þessu (16. mynd).



16. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjanahugmynda á áhuga þinn á að ferðast um svæðið (%).

4 Viðhorf ferðafjónustunnar

4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðafjónustunnar

Þeir ferðafjónustuaðilar sem rætt var við þekkja Sprengisand og Sprengisandsleið mjög vel og er svæðið mikilvægt fyrir ferðafjónustuna. Sprengisandsleið þykir mikilvægasta leiðin sem liggur þvert yfir hálendið sem fyrir er í landinu og er farið með ferðamenn þar yfir hvort sem er í rútum, jeppum, á hestum eða í gönguferðum. Helsta aðdráttarafl svæðisins að mati viðmælenda felst í staðsetningu þess á miðju hálendi Íslands og sú víðernis- og óbyggðaupplifun sem þar er að finna á mun víðfermara svæði en annars staðar á landinu. Starfsmaður Ferðafélags Íslands sagði að mikilvægi svæðisins lægi í sérstöðu þess sem stórrar landslagsheildar sem einkennist af víðerni.

Ég held að samkvæmt svona skilgreiningunni á víðerni að þá sé þetta eina víðernið á Íslandi, sé þetta svæði þarna. Því víðerni er samkvæmt skilgreiningunni einhver ákveðin fjarlægð þar sem þú sérð ekki neitt nema náttúruna.... en þarna er víðerni og kannski eina víðernið í Evrópu og eitt af fáum sem er eftir í heiminum.

Aðili sem skipuleggur gönguferð þvert yfir hálendið og um fyrirhugað virkjunarsvæði Hágönguvirkjunar sagði þessa ferð fyrirtækisins mjög mikilvæga og dýrmæta söluvöru fyrir fyrirtækisins. Þótt að aðeins fari 15 manns í hana á ári þá er hún mikilvæg fyrir ímyndarsköpun fyrirtækisins og varpar ljósi á aðdráttarafl sem er hálendið sem víðáttumikla landslagsheild.

Þetta er svona eitthvað með leiðangurs ímyndir... það hefur stundum verið sagt við okkur, fyrirtæki eins og okkar, þegar fólk fer inn á heimasíðuna okkar og sér próduktina okkar, þú veist fólk sem selur Suðurpólinn og Grænlandsjökul, það eru ekki einhverjir amatörar, það er fólk sem hefur mikla fjallaþekkingu, annars værirðu ekki að selja ferðir á þetta. Þannig að... þetta er erfiðasta ferðin okkar í svona trekki, þetta gefur gildi að hafa einhver svona söluþródukt sem eru svona júník og flott sem fáir eru að gera.

Viðmælandinn sagði aðdráttarafl ferðarinnar og svæðisins einnig felast í fámenninu og að ferðast sé um „óuppgötvuð svæði“. Hann sagði um gönguleiðina „*þetta er rosalega margbreytiagt landslag... yfir braunið og Askja, svo náttúrulega svörtu sandarnir að Dyngjujöklinum og með... þetta er náttúrulega bara júník... þetta er ofboðslega fjölbreytt gönguleið. Þú tekur mánuð á bara ótrúlegu landslagi*“. Hann sagði jafnframt „*öll þessi víðátta og jöklarnir, þessir svörtu sandar og braunið... það er bara þessi upplifun... Hann bætti við „Fólk er yfirleitt algjörlega blást yfir reynslunni sem það fær, það er ekkert hljóð, það sér enga aðra mannveru, það sér ekki neitt... þetta er svo júník... svo fá lönd í heiminum... sem hafa þessa upplifun. Þetta er rosa sterkt*“.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem er með gönguferðir á hálendinu sagðist einnig leggja áherslu á fáfarin svæði: „*Við reynum að fara þar sem ekki eru margir, við reynum að vera ein á okkar svæði og reynum að sjá sem fæsta aðra ferðamenn*“. Hann sagði jafnframt um ástæðu komu ferðamanna sem koma hingað til lands á vegum fyrirtækis hans: „*Ég held að þeir séu að koma til að ganga og sjá hvað þetta*

er allt saman ósnortið og mikil víðátta“. Annar aðili á höfuðborgarsvæðinu með gönguferðir á hálendinu sagði að leitaðist til „*að leyfa fólki að uppgötva... að vera á fjöllum... á óstikuðum og lítt þekktum slóðum... í mínum ferðum þá erum við að ganga yfirleitt óstikaðar leiðir sem kannski fólk þekkir ekki og þekkir fáa sem hafa komið þarna inn á“.* Þriðji aðilinn á höfuðborgarsvæðinu sem rætt var við og er með gönguferðir sagði:

Þetta fólk sem kemur, það er að koma til að upplifa náttúruna... það upplifir það mjög sterkt hvað... ósnortin víðerni hafa mikil áhrif. Að það er eitthvað sem að er ekki til, eða þú veist, jú það er auðvitað til, en þú veist í Evrópu og Ameríku, það er, virðist, allavega það sem ég hef skoðað, það er miklu meiri uppbygging og miklu, miklu, miklu... hérna kemurðu og ert í, ekki neinu... engin hús og ekkert ...

Aðili á Norðurlandi með hestaferðir yfir Sprengisand lýsti aðdráttaraflí Sprengisands svona „*svo ertu kominn hérna og þá er ekki neitt lengur og þannig vil ég hafa það!*“. Hann sagði jafnframt „*það er gaman að segja við fólk, við leggjum af stað hédan... og síðan bara um hádegis tökum við nestispásu bara in the middle of nowhere, það er enginn, þú kemur ekki til með að sjá nokkra hraðu“.*

Aðili á Norðurlandi með jeppaferðir sagði: „*Fólki finnst líka gaman að geta og það er alltaf að verða meira og meira í ferðafjónustunni trendið að gera eitthvað off-the beaten track og að vera ekki alls staðar þar sem allir eru“.*

Aðili á ferðaskrifstofu á höfuðborgarsvæðinu sem skipuleggur rútuferðir fyrir hópa sagði að þeir sem sóttu eftir að fara yfir Kjöl og Sprengisand væru „*svona passionate ferðamenn og koma til landsins til þess að sjá breina og ósnortna náttúru“.* Hann sagði jafnframt að aðdráttarafl svæðisins væri „*það er bara vegna þess að það er hálendið... það er hálendið fyrst og fremst“.* Annar aðili á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á sérsniðnar hálendisferðir yfir Sprengisand sagði að aðdráttaraflið væri „*að vera svona úti í ósnortinni náttúru... fyrir þá sem fara inn á hálendi klárlega“.* Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hópaferðir telur hálendið hafa mikið aðdráttarafl sérstaklega fyrir ákveðinn hóp ferðamanna.

Það er aðdráttaraflið... þó maður vilji ... draga úr hálendisferðum og láta beina fólki, hópum og þessum ferðaskrifstofum til að vera ... minna á hálendinu en það er alltaf þessi áhugi... ef við tökum til dæmis bara til Þýskalandsmarkað, þar er fólk mjög vel undirbúið og þekkir þetta allt saman... allavega af afspurn og búið að kynna sér áður og hefur þá áhuga á hálendinu, það er mjög algengt sem sagt, að það séu hópar frá Þýskalandi, frá Þýska málsvæðinu og ferðaskrifstofur frá því svæði sem eru að leggja í hálendisferðir, miklu meira til dæmis en ýmsir aðrir

Nokkrir viðmælenda töluðu sérstaklega um aðdráttarafl Eyrarrósargils sunnan Skrokköldu. Aðili á Norðurlandi með jeppaferðir sagði:

Það er nú eitt þegar þú ert kominn hingað suður fyrir Skrokköldu að þá verður það sem við köllum Eyrarrósargil sem þykir alveg einstakt þegar við erum að koma að auðninni allri og að koma á þennan stað, seinnipart sumars þá er allt í blóma þarna og þetta, þetta er mikil upplifun.

4.2 Viðhorf ferðapjónustunnar til Sprengisandsveggar

Í skýrslu Orkustofnunar um tilhögun Skrokkölduvirkjunar kemur fram að: „*Vegna umferðar á framkvæmdatíma og síðar vegna reksturs virkjunarinnar kann að verða þörf vegabóta á þeim hluta Sprengisandsleiðar sem ekki er uppbyggður, en ekki telst þörf á nýrri Sprengisandsleið þar sem hægt er að komast að virkjunarsvæðinu um núverandi vegi*“ (HS Orka, 2015b, bls. 5). Hágönguvirkjun kallar hins vegar á nýjan veg sem myndi liggja af Sprengisandsleið um Sveðjuhraun að virkjuninni (HS Orka, 2015a).

Í viðtölum við ferðapjónustuaðila kom fram að núverandi ástand Sprengisandsleiðar er slæmt og vildu viðmælendur gjarnan að vegurinn yrði lagfærður. Ólík sjónarmið komu fram um hversu mikið ætti að lagfæra veginn. Langflestir voru neikvæðir gagnvart of mikilli uppbyggingu og bundnu slitlangi og vildu að uppbygging vegarins væri í samræmi við þá ferðapjónustu sem stunduð er á hálendinu. Aðili frá fyrirtæki sem fer með hópferðir um Sprengisandsleið sagði: „*Ég vil... ekki uppbyggðan veg heldur... gera hana aðeins aðgengilegri því hún er náttúrulega afleit*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með göngu- og jeppaferðir sagði:

Það eru auðvitað ýmis sjónarmið uppi og vissulega væri gott að hafa þar betri vegi. Þetta er samt alltaf hálendi og við verðum að passa okkur gríðarlega að láta okkur ekki detta í hug að gera þarna einhverja vegi sem við höldum að fólk fari að keyra á á veturna en það mætti alveg laga svolítið þessa vegi sem fyrir eru en ég sé enga ástæðu til að hafa þá malbikaða... ekki nokkra... Ekki meiri íburð, ekki bundið slitlag en svona betri vegi en við höfum.

Flestir tóku jafnframt fram að þeir vildu að leiðin yrði bætt fyrir ferðapjónustuna, óháð virkjanaframkvæmdum. Hann sagði jafnframt „*Við erum ekkert á móti því að bæta samgöngur og laga veginn, en við segjum það þarf ekkert endilega að virkja til að laga veginn*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með jeppaferðir sagði:

Hvers vegna fylgja aldrei ferðapjónustu vegabætur? Ef ferðapjónustan kæmi bara og segði: við viljum fá uppbyggðan veg yfir Sprengisand. Og það er ekkert gert með það. En um leið og það kemur virkjun þá fer allt af stað, hafnarmannvirki og álver og annað jafnvel þó að enginn samningur og engin starfsemi sé í gangi. Þannig að þetta svona skýtur svolítið skökku við og þegar það er verið að lofa ferðapjónustunni „já þið fáið uppbyggðan veg MEÐ virkjuninni“ af hverju er ekki uppbyggður vegur fyrir ferðapjónustuna... það skil ég ekki.

Ýmir ræddu öryggissjónarmið og að ferðamenn ættu ekki að vera á þessum slóðum á veturna. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hópferðir á Sprengisandi sagði:

Þessar virkjanir hafa svo sem opnað svæði fyrir almennum ferðamönnum sem ekki voru opin áður... en ég er ekkert sérstaklega hlynntur því að hafa hraðbraut yfir Sprengisand sem er opin allt árið ... það er bara óraunhæft og bíður hættunni heim.

Flestir töldu að Sprengisandsleið eins og hún er í dag móti hluta af aðdráttaraflí hálendisins. Starfsmaður Vatnajökulspjóðgarðs benti á að slæmir vegir væru ákveðinn farartálmi, héldi fjölmenninu frá hálendinu auk þess sem þeim fylgir ákveðin upplifun sem margir, sérstaklega jeppaferðamenn, sækjast eftir. Hann sagði:

Það er ekki kostur að vegurinn sé uppbyggður eða þannig úr garði gerður að það komist þetta allir. Hins vegar er ég heldur ekkert á því að hann eigi að vera ein stór hola, alls ekki og það má... kannski vinna örlítið meira í þeim vegi sem er nú þegar. Hann verður, eins og við vitum og þekkjum... mjög slæmur... þetta er bara partur af upplifun fólks að fara þessa vegi... á þannig útbúnum bílum að það ráði við það. Ég held að mest takmarkandi þátturinn séu í rauninni þessar óbrúðuð ár. Þú átt ekkert erindi þarna inn ef þú kemst ekki yfir.

Aðili á Norðurlandi með jeppaferðir sagði:

Mér finnst það nú bara eitt það fallegasta einmitt í kringum Skrokköldu eða við Sprengisand... hluti af því að við erum að fara Sprengisand er hann er... svona sjarmerandi malarvegur og fyrir útlendinga er þetta bara eins og að fara, kaupa sig inn í hérna einhvern skemmtigarð... að fá að vera á ómalbikuðum vegi og fara í gegnum vöðin og fólk er að borga fyrir þetta. Þetta eru gæði, það eru gæði í því að hann er hægfara og þú ert bara vá ég fór hérna allan daginn og sá jöklana og það bara á rosalega einföldum vegum. Það er hápunkturinn jafnvel og ég myndi segja að það eru ekki gæði að fara að breyta því.

Starfsmaður ferðafélagsins Útivistar sagði „*Svo náttúrulega fyrir jeppadeildina er betra aðgengi... ekki eftir uppbyggðum vegum það er ekki það sem menn eru að sækjast eftir, heldur er að upplifa það að fara um þessa slóða*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með jeppaferðir sagði „*Á Sprengisandi þá er þessi skelfilegi vegur sko... en það er hluti af upplifuninni*“.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu með gönguferðir taldi ekki kost að bæta Sprengisandsleið því mikilvægt sé að halda í ákveðinn fjölbreytileika. Hann sagði:

Við þurfum að hafa fjölbreytileika og það bara hentar þessu svæði mjög vel að hafa vegina eins og þeir eru, að þú keyrir í gegnum lítil vöð og það er business líka ef þú ert með einhverja fjórhjólatrikka og bíla að geta farið með fólk á einhverjum tækjum sem komast í gegnum þetta en ég sé ekkert að þessum vegi eins og hann er og hann er einmitt ofboðslega... hann liggur mjög fallega einmitt hérna hjá eyrarrósarbreiðunni hjá Skrokköldu í gegnum Nýjadal og hér er mjög gott aðgengi við Vonarskarð líka. Auðvitað kannski væri gaman að komast hérna upp að jökli til dæmis, það er vegur sem liggur frá Veðivötnum... já sem er ekkert öllum bílum fær en það er kostur líka.

Viðmælendur frá fyrirtækjum með hópferðabifreiðar voru hlynntari betri vegum á Sprengisandsleið en flestir aðrir. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með rútuferðir sagði sagði: „*Landsvirkjun hefur þrátt fyrir alla gagnrýni alltaf gengið mjög vel og snyrtilega frá eftir sig og svo fylgja þessu oft góð samgöngumannvirkni*“. Viðkomandi sagði einnig: „*viðbúið að þetta verði... nýr möguleiki*“ og vísar þar í að þá geti fleiri ekið um Sprengisand en eingöngu þeir sem eru á jeppum og fjórhjóladrifnum bílum.

Ef af fyrirhuguðum virkjunum verði myndi Sprengisandsleið ef til vill verða færð lengra frá skála Ferðafélags Íslands í Nýjadal. Aðspurður um það mál sagði starfsmaður Ferðafélags Íslands: „*Umferðin hefur breyst, gisting í Nýjadal hefur minnkað á undanförunum árum og dagsumferðin hefur aukist... menn koma þarna mikið við og stoppa og fara á klósettið eða fá sér kaffi*“. Hann sagði að svæðið muni breytast með tilkomu nýs vegar: „*þá mun umferðin minnka ...Nýjadalur yrði... meiri fjallaskáli en hann er núna og ég ætla ekki að segja út frá okkar forsendum að það sé mjög slæmt, þá kæmi fólk bara meira í skálann til að dvelja og gista og fara í gönguferðir*“. Hann taldi að virkjanirnar sem slíkar myndu ekki hafa áhrif á reglulegar ferðir félagsmanna í skálann í Nýjadal eða gönguferðir í Vonarskarð og á

Tungnafellsjökul „ég held að það muni ekki hafa nein stórvægileg áhrif... það er nú þannig fjarlægð þarna á milli og það mun ekkert breyta neinu stórkostlegu“.

Starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs sagði aftur á móti: „Ég hef ákveðnar efasemdir um þessa tilfærslu... þá erum við farin að vinna gegn þessum hugmyndum um aðgengi fólks að þjóðgarði og getu þess til þess að njóta og upplifa“. Hann bætti við „Ég er ekki viss um endilega að það væri til hagsbóta fyrir það ákveðna markmið Vatnajökulsþjóðgarðs, að missa veginn frá Nýjadal eins og hann er í dag, fyrir utan bara raskið sem fylgir þessu tilfærslum endalaust“. Hann sagði jafnframt:

Ég er alveg sammála því að við eigum að auka aðgengi að þessum stöðum, ekki þá endilega með uppbyggðum vegi heldur það að infrastrúktúrin sé þannig að fólk geti notið þessara svæða, það séu merktar gönguleiðir og það séu þessir ákveðnu öryggisþóstar sem þú getur sótt í aðstoð og þjónustu. Ég vil ekki sjá uppbyggðan Sprengisandsveg, þetta er svona fína jafnvægi sem þarf að vera þarna á milli. Að aðgangurinn sé til staðar og stýring á umferðinni, náttúrulega í formi upplýsinga og getu fólks til að afla þeirra, en taki ekki möguleikann af fólki að koma t.d. í þessa frábæru vin sem Nýidalur er, stórmerkilega vin.

4.3 Viðhorf ferðapjónustunnar til Hágöngu- og Skrokkölduvirkjunar

Í sumum viðtalanna mátti heyra að viðmælendur gerðu lítinn greinarmun á vatnsaflsvirkjun við Skrokköldu og jarðvarmavirkjun við Hágöngur og töldu sumir að Hágönguvirkjun væri nú þegar komin og tengdu hana við Hágöngulón. Mikill munur er hins vegar á framkvæmdunum tveimur með tilliti til sjónrænna áhrifa. Eins og fram kemur í kafla 2.3. þá nýtir Skrokkölduvirkjun miðlunarlón sem nú þegar eru til staðar. Raflína, stöðvarhúsið og aðrennslisgöng væru neðanjarðar, að undanskyldum 1 km skurði. Hágönguvirkjun fylgja hins vegar ýmis konar mannvirki eins og stöðvarhús, borholur, pípur, nýr vegur norðan við Hágöngulón auk þess sem ekki liggur fyrir hvar rafstrengur frá virkjuninni myndi tengjast við megin flutningslínur raforku. Sá sem tók viðtalið leitaðist við að koma þessu til skila við upphaf viðtalsins en þrátt fyrir það virðast þessar tvær virkjunarhugmyndir renna saman í hugum sumra viðmælenda og verður að hafa það í huga við lestur kaflans.

Flestir viðmælendur töldu virkjun við Skrokköldu og Hágöngur vera mjög slæma virkjanakosti og töldu margir virkjanirnar tvær vera verstu virkjanakostina af þeim 26 kostum sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar. Var það fyrst og fremst vegna þess að viðmælendur töldu þær skaða hálendið sem landslagsheild vegna staðsetningar þeirra á miðhálendinu. Starfsmaður Ferðafélags Akureyrar sagði sér þætti verstu kostirnir vera: „Skrokköldu- og Hágönguvirkjun. Þetta er bara upp á miðhálendi og við eigum að vernda hálendið okkar... frekar að virkja á láglandinu en á hálendinu?“. Aðili á Norðurlandi með jeppaferðir taldi Skrokkölduvirkjun versta og sagði: „...alverst já (löng þögn)... sko atli það yrði ekki Skrokkölduvirkjun“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hestaferðir sagði: „Það sem stingur mig bara svona yfir höfuð er að þessar áformuðu virkjanir þær eru akkúrat komnar inn á mið-hálendið“.

sko... það er svæði sem ég hefði viljað halda fríu, þær eru akekúrat í miðjunni“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með gönguferðir á hálendinu sagði:

Hágönguvirkjun [Hágöngulón] var náttúrulega slys á sínum tíma, hefði aldrei átt að fara í hana. Þar með var búið að opna allt of langt inn á hálendið. Náttúrulega Skrokkölduvirkjun væru einhver stærstu mistök sem við gætum farið í. Þú ert bara búinn að opna allt hálendið. Þú ert bara kominn með uppbyggðan malbikaðan veg inn á mitt hálendið, alveg inn í hjarta... og svo eru menn byrjaðir að saxa í það hinu megin frá líka... þarna erum við að búa til bara virkjanabelti í gegnum landið. Ég vil miklu frekar sjá virkjanir niðri á láglendi en uppi á hálendi.

Starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs sagði:

Ég er fylgjandi hálendisþjóðgarði og ég vil ekki sjá frekari framkvæmdir á hálendinu... ég bara kæri mig ekki um það af því í hjarta mér hef ég ekki trú á að það sé þörf á að bæta í virkjanaflóruna. Þar held ég að aukin raforkuframleiðsla verði á kostnað mögulegrar aukningar í ferðamennsku.

Starfsmaður Ferðafélags Íslands sagði:

...þarna komi mannvirki bara inn í óbyggðir sem munu rjúfa og spilla þeirri tilfinningu og þeirri upplifun og hafa neikvæð áhrif... á náttúruna sjálfa. Þetta er náttúra sem við eigum að varðveita og vernda og skila áfram. En svo mun það líka hafa neikvæð áhrif á ímynd landsins... til lengri tíma myndi ég halda að það myndi draga úr fjölda ferðamanna til landsins.

Starfsmaður Útivistar sagði að ferðir á þeirra vegum myndu leggjast af á svæðinu ef af virkjunum yrði: „...*hvort við myndum bara finna okkur annað svæði, ég veit það ekki sko. Þetta mun brekja okkur í burtu“.* Hann bætti við: „*Ferðalagið eða upplifunin er ekki að byrja fyrr en maður er kominn upp fyrir virkjanasvæði, þá er maður kominn í það sem er verið að fara í sko“.*

Nálægð fyrirhugaðra virkjana við friðlýst svæði var áhyggjuefni starfsmanns Vatnajökulsþjóðgarðs. Hann sagði þetta um áhrif virkjana á mörkum þjóðgarðsins:

Einn af tilganginum með stofnun þjóðgarðsins er að auka aðgengi fólks að þessum náttúruverndarsvæðum og ég tel það tvímælalaust hafa neikvæð áhrif ef... leiðin inn í þjóðgarðinn er vörðud virkjanaframkvæmdum. Það er náttúrulega mikið einkenni Sprengisands að sunnanverðu hvað hann er varðaður virkjanaframkvæmdum upp úr og niður úr og þar í miðju og ég hefði haldið að Skrokkölduvirkjun myndi bara bætast í þau áhrif. Ég tel að áframhaldandi mannvirkjaáhrif muni trufla fólk á þessari leið.

Hann talaði jafnframt um „*buffer-zone*„ (grenndarmörk) friðlýstra svæða og mikilvægi þeirra í varðveislu landslagsheildar eins og hálendisins:

Virkjanamannvirkin hafa alltaf ákveðið *buffer-zone* (grenndarmörk) út fyrir sig en við höfum það ekki.... frá þjóðgarðsmörkum og að einhvers konar grenndarmörkum, hversu margir kílómetrar sem það nú yrðu, að þar gæti takmarkaðra áhrifa. Það hefur komið til umræðu að frá þjóðgarðsmörkum og einhverja x metra þurfi að vera skilgreind grenndarmörk.

Margir höfðu áhyggjur af raflínunum sem fylgja virkjunum og þótti mikilvægt að ef af þeim yrði myndi raflínan vera lögð í jörð. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með jeppa- og gönguferðir sagði: „*Ég á bág með að ímynda mér að virkjanir eða tilfærslu á orkunni hafi jákvæð áhrif á ferðamenn... þú veist það er ekkert til sem heitir falleg virkjun skilurðu?... að því gefnu að lagnir séu ekki í jörðu“.* Hann bætti við „*Það skemmir þessa víðernistilfinningu fólks sem er upp á hálendi, hún er ekkert rosalega ósnortin ef það... blasa við*

mannvirki eins og háspennulínur og svona... það er ekkert jákvætt í því“. Aðili með jeppaferðir sem gerir út frá höfuðborgarsvæðinu sagði:

Mín tilfinning er að á þessu svæði muni kannski einstök virkjun ekki hafa mikil áhrif á upplifun af því þetta er svo mikil víðátta og mikil auðn en til dæmis það sem þetta mun hafa áhrif á er kannski með miklum línunum og miklum mannvirkjum þá mun það taka þetta óbyggða víðernis verðmæti og niðurfæra það töluvert þannig að sko þessi auðn verður allt í einu manngerð...ég held að með niðurgrofnunum línunum þá myndi þetta hafa lítil áhrif á upplifunina en með miklu víravirki og mannvirkjum tengdum því þá held ég að það myndi hafa mikil áhrif... Uppi á Sprengisandi í miðri eyðimörk þá mun það hafa áhrif... þannig að með niðurgrofnunum línunum og minni sjónrænni mengun má segja að þá held ég að þessir kostir myndu hafa lítil áhrif á upplifunina.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu með jeppa- og gönguferðir sagði: „...*en það má engin raflína koma þarna... það verður allt að fara í jörðu... annars er Sprengisandur og allt þarna bara búið spil og vitleysa“.* Aðili á Norðurlandi með hestaferðir sagði:

Ef það kæmi raflína yfir allan Sprengisand... þá er þetta bara búið sko... þá er ekki spennandi að láta fólk borga ½ milljón fyrir 10 daga túr þarna yfir ha!... það finnst mér vera alveg, algjör eyðilegging á þessum verðmætum sem felst í þessari ósnortnu náttúru.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hópferðabifreiða- og vélsleðaferðir sagði:

Þetta hefur ekki haft nein rosaleg áhrif á þetta svæði enda er þetta mjög fáfarið yfir veturinn það skiptir engu máli, maður fer þarna á vélsleðum og þvælist þarna, bara keyrir á ísilögðu lóninu... og jarðgöng það lýst mér miklu betur á... auðvitað sé ég í þessu hættumerkin... það loga svona smá viðvörðunarljós ef það er farið í þessa virkjun hérna... þá ertu kominn með ennþá meira push á Sprengisandslínu sem ég er alfarið á móti að minnsta kosti ofan jarðar... já ég vil stíga mjög varlega til jarðar þar og við erum búin seilast alveg inn á jaðrana, kominn inn að Kvíslaveitu og í raun og veru kominn inn á mið-hálendið og svo farin að þrengja það að austan með Kárahnjúkum þannig að þetta er ekkert ofsalega mikið landssvæði... þá er þetta eiginlega svona inni króað þetta litla hálendi sem er eftir ósnert.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hópferðir sagði Skrokkölduvirkjun hafa minni áhrif en lagði áherslu á mikilvægi þess að draga úr áhrifum háspennulína.

Ég held að mesta truflunin verði af línunum... ég held að virkjun sem er falin inni í fjalli hún truflar ekki per se. Virkjun sem er falin eða einhver stífla sem er næstum því falin úr augnsýn en línurnar verða alls staðar pirrandi. Það er það sem þú sérð sérstaklega ef þetta er leitt meðfram veginum eða krossar veg og þegar þú vilt fá hálendið og ert að fara Sprengisand. Kjalvegur og Sprengisandur... þetta eru tvær svona klassískustu leiðirnar, norður og suðurleiðirnar þarna... að margir kílómetrar eða tugir kílómetra af háspennulínunum það komi til með að vera pirrandi, það brýtur upp og þú losnar ekkert við þær. Þær verða væntanlega í vegstæðinu eða þar nálægt. Það verða þessar línur sem skera landið þvers og kruss að það verði perringurinn

Sumir viðmælendur töldu svæðið nú þegar „*spillt*“ af þeim virkjunarmannvirkjum sem nú þegar eru á svæðinu. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með jeppa- og gönguferðir sagði „*Það eru komin lón og dót bérna upp frá, það er búið að skemma, búið að drekka þarna hverasvæði, það er búið að skemma þarna gríðarlega mikið.* Hann taldi því ásættanlegt að halda áfram nýtingu á svæðinu með byggingu Skrokkölduvirkjunar: „*Þessi vatnsaflsvirkjun... sko þegar lónið er komið og þetta er í einhverjum jarðgöngum ... þetta er nú ekki eitthvað sem myndi gera út af við okkur“.*

Þótt að sumir viðmælenda hafi ekki gert skýran greinarmun á Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun þá voru aðrir viðmælendur vel meðvitaðir um muninn á virkjunarhugmyndunum. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með jeppa- og gönguferðir sagði um Hágönguvirkjun: „*Þessar jarðvarmavirkjanir, það er einhvern veginn svo ágilega vondur ágangur af þessu... eins og ásjúndin á Hellisheiði er nánast í rúst. Það eru komnir vegir, borplön, þessar pípur, þú veist alls staðar*“. Skipuleggjandi hópferða á Höfuðborgarsvæðinu taldi áhrif Hágönguvirkjunar verða mikil: „*Hágönguvirkjunin, þarna ertu náttúrulega kominn inn á mun viðkvæmara svæði heldur en vatnsaflsvirkjun niður á láglend. Þessi jarðvarmasvæði finnst mér að eigi að gleyma í 200 ár*“.

4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins

Viðmælendur töldu flestir að framtíðarmöguleikar hálendisins væru miklir fyrir ferðamennsku og að frekari virkjanir myndu hafa neikvæð áhrif á þá möguleika. Nokkuð var fjallað um mikilvægi óspilltrar náttúru fyrir ímynd Íslands. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hópþingferðir sagði: „*ég held að það verði ekki ofmetið hvað þetta ósnortna víðerni inni á hálendi... er okkur verðmætt og á eftir að vera verðmætt í framtíðinni*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hestaferðir benti á mikilvægi þess að hugsa ferðamálin til lengri tíma.

...vegna þess að menn hafa haft rangt sjónarmið miðað við að við erum að horfa á þetta [ferðapjónustu] sem einhvers konar bólu sem við bíðum bara eftir að springi í staðinn fyrir að hugsa hana sem stöðla atvinnugrein sem verður hér næstu 50 eða 100 árin þó hún verði, hún getur að mínu mati orðið í kringum svona á milli 2-5 milljónir ferðamanna, getum við léttilega gert ef við stöndum vel að því og við eigum bara að halda því þar... í staðinn fyrir að þetta springi og við förum aftur niður í 100.000 og til þess að það verði þá verðum við að HÁFA eitthvað að bjóða upp á.

Hann sagði enn fremur „*Sprengisandur er perla sem hefur í rauninni ekkert verið sinnt sem bara... bíður eftir því að springa út og þannig að það eru miklir möguleikar á þessu svæði fyrir ferðamennsku*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hestaferðir yfir Sprengisand sagði: „*...að halda í okkar sérstöðu sem allt þetta ævintýri hófst með að við erum land sem er bara ein náttúruperla*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með gönguferðir sagði mikilvægt að viðhalda fjölbreytileika fyrir framtíð ferðapjónustunnar á Íslandi „*Við eigum ekki að gera ferðapjónustuna einsleita þá battir fólk að koma og þetta bara flest út og verður bara eins og annars staðar út um allt landið á sama veginum, þú veist þá missum við þetta*“. Hann sagði jafnframt:

Nútiðamaðurinn er ekki eins og hann var þegar ferðapjónustan var að byrja hérna á Íslandi... þá voru allir í pakkaferðum og það fóru bara allir á Gullfoss og Geysir og bara ánægðir. Núna vill fólk uppgötva sjálft, fara inn á svona falda staði, uppgötva eitthvað nýtt, fara... já þannig að það eru aðrar kröfur, það eru kröfur um einmitt þessi svæði, í rauninni takast á miklir hagsmunir og ferðapjónustan vildi aldrei tala um þetta hérna... áður en núna er þetta bara orðið, þetta er svo augljóst þannig að talsmenn ferðapjónustunnar eru meðvitaðir um þetta líka

Þessi ósnortna náttúra og virkjanir fóru að mati viðmælenda ekki vel saman. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hópferðir sagði:

Ef við erum komin með virkjanir mjög víða þá held ég að það muni hafa frekar neikvæð áhrif og hlýtur að draga úr ... sko þessi sérstaða hún er bara að minnka finnst mér og það sem við erum alltaf að hampa... og alltaf að reyna að finna nýja staði en samt sem áður er þetta það sem við erum að gera út á... eða hampa svolítið mikið þetta hálendið og víðerni eða hvað maður á að kalla það þá finnst mér það hafa neikvæð áhrif.

Aðili á Norðurlandi með hestaferðir sagði: „Ég tel að ferðapjónustan eigi miklu meiri tækifæri fyrir sig... það er bara, það eru ofboðslega mikil tækifæri í ferðapjónustunni og ef við höfum vit á því að vernda þetta, náttúruna sem allra mest“. Hann sagði jafnframt:

Ef þetta verður of mikið sko, fer að verða of áberandi sko og upplifunin verður ekki eins frábær eins og ég tala nú ekki um eins og samfélagsmiðlarnir eru orðnir að það getur bara orðið bylgja, bara eins og domino áhrif um að Ísland sé bara ekkert svo merkilegt eins og af er látið akkúrat núna og það birtast myndir af þessum framkvæmdum og öllu því sem því fylgir.

Aðili á höfuðborgarsvæðinu með göngu- og jeppaferðir sagði: „Það gefur langmest af sér, þetta gefur margfalt meira af sér á næstu þúsund árum óvirkejað en virkejað það segir sig alveg sjálft“. Starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs sagði: „Ég er fylgjandi hálendisþjóðgarði og ég vil ekki sjá frekari framkvæmdir á hálendinu... ég bara kærir mig ekki um það... í hjarta mér hef ég ekki trú á að það sé þörf á að bæta í virkjanafslóruna“. Hann taldi uppbyggingu á ferðapjónustu betri leið fyrir sveitafélögin en uppbygging orkuframleiðslu: „Meðal annars af því það deilist á fleiri herðar... og meiri margföldunaráhrif heldur en... af einni eða tveimur... eða þremur einstökum virkjunum. Starfsmaður Ferðafélags Akureyrar sagði:

Þetta er dýrgripur sem við erum með í höndunum sem á bara eftir að auka gildi sitt gagnvart ferðamennsku. Og það er bara búið að sýna sig síðustu ár að ferðamennska er það sem er að skila okkur gríðarlegum verðmætum í... það eru fleiri verðmæti heldur en einhver áliðnaður.

5 Niðurstöður

Meirihluti ferðamanna í Nýjadal eru erlendir ferðamenn og eru um tveir þriðju aðspurðra að koma þangað í fyrsta skiptið. Flestir eru í skipulagðri hópferð eða á ferð með fjölskyldu eða vinum og koma þangað á bílaleigubíl eða hópferðabíl. Ferðamenn dvelja almennt nokkuð lengi á svæðinu eða í um 6 klst. á dag og þeir sem gista eru þar gjarnan í um 2 nætur. Ferðamenn eru almennt mjög ánægðir með náttúruna og heimsókn sína á svæðið. Ferðamenn upplifa svæðið sem kyrrt, áhrifamikið og fallett en fyrst og fremst mjög náttúrulegt – það náttúrulegt að langflestir telja að víðerni séu hluti af aðdráttarafli þess. Mikill meirihluti ferðamanna kemur jafnframt á svæðið til að upplifa víðerni og ósnortna náttúru. Ferðamenn telja öll meiriháttar mannvirki óæskileg á svæðinu fyrir utan fjallaskála, tjaldsvæði, salerni og malarvegi. Helmingur ferðamanna telur að mannvirki sem ekki sést í myndu hafa áhrif á upplifun þeirra á víðernum/ósnortinni náttúru á svæðinu. Ferðamenn eru almennt neikvæðir gagnvart uppbyggingu orkumannvirkja á svæðinu bæði Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun. Neikvæðust eru viðhorf gagnvart raflinum í tengslum við virkjanirnar en um 84% telja að raflínur myndu hafa neikvæð áhrif á áhuga sinn á að ferðast um. Skrokkölduvirkjun hefði neikvæð áhrif á 57% ferðamanna en 35% telja hana hins vegar ekki hafa áhrif og 8% telja hana hafa jákvæð áhrif. Hágönguvirkjun hefði neikvæð áhrif á 56% en 37% telja hana ekki hafa áhrif og 7% jákvæð áhrif. Borholur vegna Hágönguvirkjunar hefðu neikvæð áhrif á 52%, 43% telja þær ekki hafa áhrif og 5% jákvæð áhrif. Miðlunarlón vegna Skrokkölduvirkjunar hefði neikvæð áhrif á 51% ferðamanna, 41% telur það ekki hafa áhrif og 8% telja það hafa jákvæð áhrif.


Að mati ferðaðþjónustuaðila felst aðdráttarafl svæðisins í því að vera staðsett á miðju hálendi Íslands og sú víðernis- og óbyggðaupplifun sem þar er að finna á mun stærra svæði en annars staðar á landinu. Fámennið og að ferðast um í ómanngerðu framandi umhverfi var talið mikilvægt fyrir fjölbreytileika í ferðaðþjónustu á landsvísi. Ferðaðþjónustuaðilar sem rætt var við voru sammála um að það þyrfti að bæta veginn um Sprengisand. Nokkur munur var þó á hversu langt þeir vildu ganga í þeim efnum. Þeir sem gera út á göngu, jeppa og hestaferðir lögðu áherslu á að ekki mætti gera veginn of góðan enda fælist hluti af sérstöðunni, ævintýrinu og óbyggðartilfinningunni í því að hafa svæðið ekki allt of aðgengilegt. Starfsmenn hópferðabifreiðafyrirtækjanna sem rætt var við vildu hins vegar meiri uppbyggingu vegarins. Almennt voru ferðaðþjónustuaðilar mjög andvígir Skrokkölduvirkjun og Hágönguvirkjun og töldu margir þær vera verstu virkjanakostina af þeim 26 kostum sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar. Ástæðuna kváðu þeir vera þá að virkjanirnar spilltu þeirri lítt spilltu landslagsheild sem hálendið í kringum Sprengisand er. Sumir ferðaðþjónustuaðilar bentu reyndar á að nú þegar væri búið að raska því með Hágöngulóni og í ljósi þess hvað þyrfti lítið af mannvirkjum fyrir Skrokkölduvirkjun þá gæti hún verið ásættanleg.

Ferðapjónustuaðilar töldu framtíðarmöguleika hálendisins mikla fyrir ferðamennsku og að frekari virkjanir myndu skerða þá möguleika. Í ljósi síaukins fjölda erlendra ferðamanna væri mikilvægt fyrir ferðapjónustuna að hafa svæði tiltæk til að taka við vextinum og fyrir þann markhópi sem forðast fjölmennið og er að sækjast eftir upplifun á víðernum. Í því samhengi skiptir svæðið í kringum Sprengisand miklu máli og á verðmæti svæðisins fyrir ferðapjónustuna eftir að aukast enn frekar þegar til framtíðar er litið.

6 Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2007). Planning nature tourism using the purist scale. . Í H. Gestsson og Hannibalsson (ritstj.), *14. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (bls. 12-20). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson & Birgitta Stefánsdóttir (2015). *Viðhorf ferðamanna til nokkurra virkjana í 3. áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Castree, N. (2005). *Nature*. London; New York: Routledge.
- Demeritt, D. (2002) What is the 'social construction of nature'? A typology and sympathetic critique. *Progress in Human Geography*, 26(6), pp. 767-790.
- Hall, C.M. & Page, S.J. (2014) *The Geography of Tourism and Recreation: Environment, Place and Space*. Abingdon, Oxon: Routledge.
- Hammersley, M. og Trainou, A. (2012). *Ethics in Qualitative Research*. London: SAGE.
- Orkustofnun (2015a). *Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3291A Hágönguvirkjun, *Víðauki 80 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/04*. Sjá: <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-80.pdf>
- Orkustofnun (2015b). *Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3126A Skrokkölduvirkjun, *Víðauki 22 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS-2015/02*. Sjá: <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-02-Vidauki-22.pdf>
- Punch, K.F. (2014). *Introduction to Social Research, Quantitative & Qualitative approaches*. London: SAGE.
- Stankey, G. H. (1973). *Visitor perception of wilderness recreation carrying capacity* (USDA Forest Service Research Paper INT-142. bindi). Ogden, Utah: Intermountain Forest & Range Experiment Station, Forest Service, U.S. Dept. of Agriculture.

Viðauki
Spurningalisti og fylgigögn spurningakönnunarinnar



Þakka þér kærlega fyrir þátttökuna!

8. Hversu æskilegt eða óæskilegt þú telur vera að bæta veginn á þessum síðum?
- | | | | | |
|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|
| mjög æskilegt | frekar æskilegt | hlutlaus | frekar óæskilegt | mjög óæskilegt |
| ☐ 1 | ☐ 2 | ☐ 3 | ☐ 4 | ☐ 5 |

9. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?

	alls ekki mikilvægt	ekki mikilvægt	hvoru mikilvægt	hvar mikilvægt
1 Merktar gönguleiðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
2 Lagðir göngustígur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
3 Göngubrýr	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
4 Að hægt sé að njóta kyrrðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
5 Að hægt sé að upplifa óraskaða náttúru	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
6 Áningarstaðir (bekkir og borð)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
7 Að það séu fáir aðrir ferðamenn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
8 Að ekki sjáist ummerki um utanveggastrur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
9 Að geta gengið án þess að sjá mannvirki (önnur en fiallaskila)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
10 Að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
11 Að skoðunarverðir staðir séu merktir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
12 Skipulögð tjaldsvæði	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
13 Að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
14 Að geta tjaldað þar sem þú verður ekki var við aðra	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
15 Að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

10. Finnst þér viðfermi/ösnortin náttúra vera hluti af aðdráttarafi svæðisins?

☐1 Já ☐2 Nei ☐0 Enga skoðun

11. Komstu á þetta svæði til að upplifa viðfermi/ösnortna náttúru?

☐1 Já ☐2 Nei ☐0 Enga skoðun

12. Hafa nálgæð mannvirki, sem þú veist af en sérd ekki, áhrif á upplifun þína á viðfermum/ösnortinni náttúru?

engin	lítil	einhver	frekar mikil	mjög mikil	engar skoðun
☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

13. Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið viðfermi/ösnortin náttúra glati merkingu sinni? *Vinsamlegast merktu við fjera en eitt atriði ef við á*

☐ 1 Ekkert	☐ 8 Rafslinar
☐ 2 Fjallaskálar	☐ 9 Fjarskiptamóstur
☐ 3 Hótel	☐ 10 Virkjanir
☐ 4 Vegur	☐ 11 Miðbunarlón
☐ 5 Veggslóðar	☐ 12 Vindamyllur
☐ 6 Gróðurgar	☐ 13 Lagðir göngustígur
☐ 7 Þjóðrustumstöðvar	☐ 14 Stógar myndabúir af umferð manna og dýra

14. Hvaða áhrif myndu eftirtaldir virkjanir og virkjunarmannvirki næri ferðaleið þinni hafa á áhuga þinn á því að ferðast um svæðið?

	mjög neikvæð	frekar neikvæð	engin áhrif	frekar jákvæð	mjög jákvæð	engar skoðun
1 Jarðvarmavirkjun við Hágöngur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
2 Borholur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
3 Vatnsaflsvirkjun við Skrokköldu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
4 Miðbunarlón	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
5 Raflinur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

15. Lýstu nánar áhrifunum sem fyrirnefnd virkjunarmannvirki hefðu á áhuga þinn á

því að ferðast um svæðið _____

16. Hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf þitt er til eftirfarandi:

	mjög neikvætt	frekar neikvætt	hvorði né	frekar jákvætt	mjög jákvætt
1 Frekan uppbyggðingar vatnsaflsvirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
2 Frekan uppbyggðingar vatnsaflsvirkjana á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
3 Jarðvarmavirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
4 Frekan uppbyggðingar jarðvarmavirkjana á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
5 Vindmylla á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
6 Vindmylla á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
7 Uppistöðulóna á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
8 Uppistöðulóna á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
9 Frekan lagningar rafliða á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
10 Frekan lagningar rafliða á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

17. Hversu sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

	mjög ósammála	ósammála	hlutlaus	sammála	mjög sammála
1 Ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjurnar til hliðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
2 Ég kem á staði eins og þennan til þess að geta hvílt mig og endurnært („hláðið batterín“)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

18. Hvað finnst þér um eftiralin mannvirki á svæðinu?

	mjög ósakleg	frekar ósakleg	leg	frekar sakleg	mjög sakleg
1 Óuppbyggðir malarvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
2 Uppbyggðir malarvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
3 Vegir með bundnu slitlagi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
4 Heilsársvegir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
5 Akbrýr á vatnsföllum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
6 Vatnsaflsvirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
7 Jarðvarmavirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
8 Uppistöðulón	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
9 Raflinur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
10 Vindmyllur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
11 Hótel	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
12 Fjallaskálar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
13 Tjaldstræði	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
14 Verslanir/veitingastaðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
15 Bensinstöðvar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
16 Salemi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
17 Matsala	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
18 Geststofa	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
19 Fjarðskiptamöstur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

19. Kyn ☐1 Kona ☐2 Karl 20. Aldur: _____ ár

21. Hvar býrðu (póstnúmer)? _____

22. Hvar munt þú gista næstu nótt? _____

23. Hvar gistir þú síðustu nótt? _____

24. Með hverjum ferðast þú? *Vinsamlega merkið við alla hesti sem eiga við*

☐ 1 Ein/n á ferð	☐ 2 Með fjölskyldunni
☐ 3 Ættingjum/vinum	☐ 4 Í skipulagðri hópferð
☐ 5 Vinna-/klúbbfélögum	☐ 6 Öðrum, hverjum? _____

25. Hvernig ferðast þú? *Vinsamlega merkið við alla hesti sem eiga við*

☐ 1 Á eigin bíl	☐ 2 Á bílaleigubíl	☐ 3 Í hópferðabíl
☐ 4 Á mótorhjóli	☐ 5 Hjólandi	☐ 6 Gangandi
☐ 7 Ríðandi	☐ 8 Öðruvísi, hvernig? _____	

26. Við hvað starfar þú?

☐ 1 Nemandi	☐ 2 Skrifstofu-/þjónustustörf
☐ 3 Ófaglærð/ur	☐ 4 Eftirlaunaþegi
☐ 5 Stjórnunarstörf	☐ 6 Sérhæfð tækni- og iðnaðarstörf
☐ 7 Heimavinnandi	☐ 8 Sérfræðingur (læknir, lögfræðingur, kennari, o.s.frv.)
☐ 9 Annað:	_____

Hágönguvirkjun (jarðvarmavirkjun 150 MW)

Lýsing: Fyrirhuguð Hágönguvirkjun er jarðvarmavirkjun á háhitasvæði austan við Hágöngulón. Virkjunin yrði byggð upp í þremur 50 MW áföngum.

Stöðvarhús og önnur mannvirki: Stöðvarhús er áætlað norðan Köldukvíslar (**I**). Gert er ráð fyrir að borteigar verði staðsettir austan Hágöngulóns, annars vegar á Sveðjuhrauni og hins vegar á bakka lónsins norðan Köldukvíslar. Raskað svæði innan framkvæmdasvæðis virkjunarinnar yrði ekki stærra en 0,3 km².

Tenging við raforkukerfið: Ekki liggur fyrir hvar rafstrengur frá virkjuninni myndi tengjast við megin flutningslínur raforku.

Vegaframkvæmdir: Byggja þyrfti nýjan veg að virkjuninni norðan við Hágöngulón.

Skrokkölduvirkjun (vatnsaflsvirkjun 45 MW)

Lýsing: Fyrirhuguð Skrokkölduvirkjun gengur út á að virkja vatnsfall milli Hágöngulóns (**II**) og Kvíslavatns (**III**).

Stöðvarhús og önnur mannvirki: Stöðvarhús yrði staðsett við Skrokköldu (**IV**) og aðrennslisgöng væru neðanjarðar, að undanskyldum 1 km skurði vestan við núverandi Sprengisandsleið.

Lónsstæði: Er núverandi Hágöngulón.

Tenging við raforkukerfið: Áætlað er að flutningur raforku frá virkjuninni verði um jarðstreng suður að Sigölduvirkjun.

Vegaframkvæmdir: Væntanlega þyrfti að bæta þann hluta Sprengisandsleiðar sem ekki er uppbyggður.

